

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Benedikts S. Benediktssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 1. apríl 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. (304. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér stofnun aflaráðgefandi nefndar vegna stjórn fiskveiða.

Árleg ákvörðun sjávarútvegsráðherra um heildarafla fyrir fiskveiðiár hefur vakið miklar umræður og hlýtur jafnan gagnrýni af hendi útgerða í landinu. Fram að þessu hefur verið gert ráð fyrir tillögum frá Hafrannsóknarstofnun um heildarafla hvers árs og er ráðherra ætlað að hafa þær til hliðsjónar. Þeir aðilar sem standa á bak við útgerðir fiskiskipaflotans hafa ekki alltaf verið sammála tillögum Hafrannsóknarstofnunar og oft álitíð að þær gefi ekki raunhæft mat á sjálfbærum veiðum.

Í þeirri tillögu sem felst í ofangreindu frumvarpi er gert ráð fyrir aðkomu hagsmunaaðila þegar kemur að ákvörðun heildarafla hvers árs í gegnum aflaráðgefandi nefnd. Gert er ráð fyrir að nefndin sé skipuð fulltrúum frá Félagi skipstjórnarmanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannafélagi Íslands og Sjómannasambandi Íslands. Þessum aðilum er ætlað að miðla af reynslu sinni og þekkingu og byggja tillögugerð sína á því ásamt þeim gögnum sem verða til við störf þeirra. Það verður ekki um það deilt að veruleg þekking á miðum landsins býr meðal þeirra sem þau hafa sótt og ætti að leggja upp úr að nýta hana við ákvörðun um aflaheimildir.

Nefndinni er ætlað að hafa það að leiðarljósi við veitingu tillagna um heildarafla, að sem skynsamlegust nýting verði á fiskistofnum svo ekki komi til ofnýtingar eða vannýtingar. Ætla mætti að með samþættingu vísindalegrar þekkingar Hafrannsóknarstofnunar og reynslu-þekkingar sjómanna landsins fáið raunsætt mat á stöðu fiskistofna sem yrði til enn betri leiðsagnar um nýtingu þeirra. Má einnig ætla svo að með tillögur beggja aðila að leiðarljósi séu meiri líkur á að sátt ríki um ákvörðun ráðherra á heildarafla.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands